

Fundargerð ráðgjafaráðs í málefnum fatlaðra

Dagsetning: 29.apríl. 2021
Fundartími: Kl. 15:30-16:30
Staðsetning: Teams
Fundarritun: Sóley Jónsdóttir

Mættir: Margrét Vala, Egill, Hulda Sólveig, Kristjana og Þórarinn

1. Gerð voru drög að umsögn til Gæða og eftirlitstofnunnar vegna starfsleyfis Ylfu

„Ráðgjafaráð í málefnum fatlaðra í Hafnarfirði sér ekkert því til fyrirstöðu að Ylfa ehf. fái starfsleyfi til að reka stuðnings- og stoðþjónustu skv. 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og 8. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir“.

2. Stuðningsþjónusta- upplifun rætt á aukafundi þann 3.maí.

Starfshópurinn um stuðningsþjónustu hafði beðið um að ráðgjafaráðið segði frá sinni upplifun af stuðningsþjónustunni. Góðar umræður sköpuðust í ráðinu og voru þessir punktar sendir til starfshópsins um stuðningsþjónustu.

- *Almenn ánægja er með ferðaþjónustu fatlaðs fólks í Hafnarfirði. Þjónustan er persónulegri og aðgengilegri fyrir notendur.*
- *Í málefnum fatlaðs fólks sem nýta sér stuðningsþjónustu í formi liðveislu/heimþjónustu vantar upplýsingaflæði á milli sveitarfélagsins og notendans í formi skráninga á tímafjölda. Í dag þurfa liðveitendur ekki að fá kvittun frá notendum fyrir þeim tímum sem starfað var í hverjum mánuði. Það getur orðið til þess að notendur eru jafnvel ekki að fá alla þá tíma sem þeir eiga rétt á í þjónustu þó svo þeim sé sannarlega skilað inn af þjónustuaðilum.*
- *Tíð ráðgjafaskipti hjá Hafnarfjarðarbæ hafa reynst notendum þjónustunnar erfið. Langur biðtími skapast gjarnan þegar beðið er eftir nýjum ráðgjafa.*
- *Samskiptaflæði frá þjónustuveri til ráðgjafa virðist ekki virka sem skildi. Mikið er um það að notendur hringi inn í þjónustuver til að reyna að ná sambandi við ráðgjafa sinn. Erfitt er að ná símasambandi við ráðgjafa og sjaldan hringt tilbaka.*
- *Notendaráð leggur áherslu á að frumkvæðiskylda skuli alltaf höfð að leiðarljósi í starfi stuðningsþjónustu. Í 32 grein í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir segir:*

Frumkvæðisskylda.

Sveitarfélög skulu hafa frumkvæði að því að kynna sér aðstæður fatlaðs fólks og gera því grein fyrir rétti sínum samkvæmt lögum þessum og stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra. Sveitarfélag skal kynna umsækjanda þá þjónustu sem hann á rétt á og leiðbeina um réttarstöðu hans, m.a. ef hann á rétt á annarri þjónustu í stað þeirrar sem sótt er um eða til viðbótar henni.

- *Notendaráð leggur einnig ríka áherslu á virðing fyrir sjálfsákvörðunarrétti fatlaðs fólks sé ávallt virt þegar teknar eru ákvarðanir sem hafa áhrif á hagsmuni þess og daglegt líf.*

3. Starfshópur um aðgengismál.

Rætt var um starfshópinn sem er nýstofnaður og er almenn ánægja með það. Ráðið hefur áhuga á að skoða aðgengismál og hvernig staðið er að þeim í Suðurbæjarlaug. Óskað verður eftir teikningum og framkvæmdaráætlun frá umhverfis og skipulagsráði.

Fundi slitið kl. 16.20. Eftir aukafundinn er ráðgjafaráðið farið í sumarfrí og mun hittast næst 5.ágúst. kl. 15.30